

## Sjóðfélagafundur Gildis - 27. nóvember 2012

Það er ljóst að lífeyrissjóðirnir hafa þurft að takast á við ýmsar breytingar í kjölfar efnahagshrunsins og er Gildi þar ekki undanskilið. Með þá reynslu og eftir þær samræður sem áttu sér stað í framhaldinu um það hvaða lærdóm við gætum dregið af efnahagshruninu urðu ákveðnar breytingar á verklagi og áherslum bæði hjá starfsmönnum sjóðsins og eins hjá stjórnarmönnum. Ýmsum ferlum og verklagsreglum var breytt og er því verki ekki enn lokið og mun eflaust þurfa stöðugar endurskoðunar við.

### **Erfiðara að dreifa áhættu með gjaldeyrishöftum**

Gjaldeyrishöftin hafa leitt til þess að enn vandasamara er nú en áður fyrir sjóðinn að dreifa áhættu þegar leita þarf ávöxtunarleiða fyrir innistæður sjóðfélaga. Þar sem ekki er nú hægt að fara með hluta af fjármagni í vinnu erlendis höfum við þurft að vera með aukna áherslu á fjárfestingar í íslensku atvinnulífi. Það gerir hins vegar auknar kröfur til bæði starfsmanna og stjórnarmanna sjóðsins að fara vel yfir þá þætti sem liggja til grundvallar þeim fjárfestingakostum sem í boði eru. Hér er um að ræða þætti eins og mögulega arðsemi, skuldastöðu, eiginfjárstöðu og fjölmörg önnur atriði. Hér reynir töluvert á vönduð vinnubrögð starfsmanna sjóðsins og til þess að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið hefur sjóðurinn fjölgað starfsmönnum og býr nú yfir öflugri liðsheild í eigna- og áhættustýringu. Þá eru auknar kröfur gerðar til stjórnarmanna bæði frá almenningi og opinberum eftirlitsaðilum. Það skyldi því engan undra að þegar mögulegir fjárfestingakostir í íslensku atvinnulífi eru skoðaðir þá fer sjóðurinn einnig yfir stefnu þeirra fyrirtækja sem eru í söluferli, hvort heldur það er í almennum rekstri eða launamálum. Þannig lætur Gildi sig það varða ef í ljós kemur að laun stjórnenda eru fram úr hófi og jafnvel yfir tífoldum launum almennra starfsmanna fyrirtækisins auk mögulegra kaupréttá. Við hljótum að setja spurningamerki við slíkar ákvarðanir og hvort þær séu nauðsynlegar til þess að fyrirtæki nái þeim hámarksárangri sem að var stefnt. Kaupréttir og bónusgreiðslur geta í einhverjum tilvikum átt rétt á sér til æðstu stjórnenda í stórum fyrirtækjum en það þarf að skoðast í samræmi við aðrar launagreiðslur. Við þurfum einfaldlega að gera kröfu um vönduð vinnubrögð með innkomu nýrra fyrirtækja á íslenskan hlutabréfamarkað.

## Umræða um réttindamál mikilvæg

Viðfangsefni stjórnarinnar er ekki hvað síst að fjalla um réttindamál sjóðfélaga. Mikilvægt er að góð samvinna sé milli lífeyrissjóða og aðila vinnumarkaðarins. Þannig hafa niðurstöður kjarasamninga oft leitt til breytinga á örorku-, maka- og ellilífeyrisréttindum. Það leiðir til þess að endurskoða þarf samþykktir sjóðsins og ýmis regluverk.

Í kjarasamningum 2008 var grunnurinn lagður að VIRK endurhæfingarsjóði. Á ársfundi Gildis fyrr á þessu ári voru einmitt gerðar breytingar á samþykktum sjóðsins sem miða að því að samræma þær niðurstöður við regluverk sjóðsins.

Við bindum miklar vonir við að sú samvinna sem hafin er við VIRK muni geta stutt við bakið á þeim sjóðfélögum sem hafa átt við veikindi að stríða og samhliða dregið úr þeirri miklu örorkubyrði sem hvílir á sjóðnum. Með því móti verðum við betur í stakk búin að auka réttindi í hópi ellilífeyrisþega sem mun fara ört stækkandi á komandi árum. Þá er rétt að geta þess að nýr starfsmaður hefur verið ráðinn til sjóðsins sem mun meðal annars koma að þeirri vinnu að gera samstarfið við VIRK sem skilvirkast.

Einnig er fyrirhugað að bæta ýmsa greiningarvinnu innan sjóðsins til þess að nálgast betur þá hópa sem þurfa meiri stuðning og endurhæfingu umfram aðra. Frá efnahagshruninu hefur til að mynda hlutfall atvinnuleitenda sem greiðir til sjóðsins verið mun hærra en hjá flestum öðrum sjóðum og fer sá hópur atvinnuleitenda stækkandi sem er að detta út af vinnumarkaði. Hér þurfa að koma til úrræði sem veitir þessum hópi ný tækifæri og koma í veg fyrir möguleg veikindi sem oft skapast þegar fólk hefur verið til lengri tíma án atvinnu.

Þegar fjallað er um réttindamál sjóðsins er óhjákvæmilegt annað en að minnast á aðkomu stjórnvalda. Í síðustu kjarasamningum var skrifað undir yfirlýsingu þess efnis að vinna að enn frekar samræmingu lífeyrisréttinda og kvittuðu stjórnvöld upp á þá samvinnu. Samkvæmt því virtist öllum aðilum vera ljóst það mikilvæga hlutverk lífeyrissjóða að gæta að eignum sjóðfélaga og að allur almenningur sæti þar við sama borð. Það skýtur því skökku við þegar stjórnvöld leggja stein í götu þessa verkefnis með því að leggja skatt á lífeyrissjóði sem leiðir til þess að draga enn frekar úr jafnræði milli almennra og opinberra sjóða.

Gildi telur að sjóðurinn hafi þurft nú þegar að fórna nóg af eignum sjóðfélaga í kjölfar efnahagshrunsins og sé því engan veginn heimilt að hlaupa undir bagga með stjórnvöldum í tekjuöflun ríkisins. Eins og áður hefur komið fram er vandinn ærinn að fást við afleiðingar gjaldeyrishafta. Það var því með tregðu að stjórn Gildis samþykkti að taka þátt í gjaldeyrisútboðum Seðlabankans en ekki hvað síst vegna loforðs ríkisstjórnarinnar sem fylgdi með þátttökunni um að greiða til baka þær tvö hundruð milljónir króna sem að sjóðurinn hafði áður greitt í aukaskattlagningu, féllst stjórnin á að flytja heim háar fjárhæðir í erlendum gjaldeyri. Við hljótum að gera kröfu um að stjórnvöld standi við sín loforð.

Ágætu sjóðfélagar. Ég tel mjög mikilvægt að við höfum almenna og lifandi umræðu meðal þjóðarinnar um lífeyrissjóðina sem varðar jú hagsmuni allra landsmanna. Tilgangurinn með sjóðfélagafundi eins og þessum er að auka upplýsingar til almennra sjóðfélaga um starfsemi sjóðsins þannig að skapa megi málefnalegar samræður um lífeyrissjóðskerfið.

Harpa Ólafsdóttir, formaður stjórnar Gildis

Reykjavík, 27. nóvember 2012